

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í júnímánuði 1991 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 21% tekjutryggingarauka í ágúst 1991.

Á sömu upphæðir og um getur í 1. mgr. skal greiða sérstakan 15% tekjutryggingarauka í september 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

20. júní 1991

AUGLÝSING

Nr. 302

um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Neskaupstaðar hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Neskaupstað:

1. Breiðablik – Nesgata.
Stöðvunarskylda á Breiðablik.
2. Starmýri – Valsmýri.
Biðskylda á Valsmýri.
3. Starmýri – Hrafnsmýri.
Biðskylda á Hrafnsmýri.
4. Egilsbraut – Hafnarsvæði.
Austan við Egilsbraut 8 verður biðskylda á hafnarsvæði.
5. Bakkavegur – Sæbakki (eystri gatnamót).
Biðskylda á Sæbakka.

Ofangreindar ákvarðanir hafa þegar tekið gildi.

Frá og með 1. júlí 1991 taka eftirtaldar ákvarðanir gildi:

1. Egilsbraut – Kvíabólstígur.
Vinstri beygja bönnuð af Kvíabólstíg yfir á Egilsbraut.
2. Blómsturvellir – Sólvellir.
Biðskylda á umferð vestur Blómsturvelli.
3. Á Ásgarð á móti húsi nr. 1 komi merki er banni lagningu ökutækja.

Lögreglustjórinn í Neskaupstað, 20. júní 1991.

Ólafur K. Ólafsson.